

Fly Play hf.: Fallið frá áformum um valfrjálst yfirtökutilboð

Þann 10. júní 2025 tilkynnti Fly Play hf. („PLAY“ eða „félagið“) að félaginu hafi borist tilkynning frá félaginu BBL 212 ehf., þar sem tilkynnt var um það f.h. BBL 212 ehf. og yfirtökuhóps, sem leiddur er af Einari Erni Ólafssyni og Elíasi Skúla Skúlasyni að yfirtökuhópurinn hygðist gera valfrjálst yfirtökutilboð í allt hlutafé PLAY.

PLAY hefur borist tilkynning frá BBL 212 ehf. og yfirtökuhópnum um að fallið sé frá áformum um valfrjálst tilboð:

„Áform og framtíðarsýn yfirtökuhópsins hafa fengið góðar viðtökur hluthafa félagsins, en eftir samtöl við hluthafa hefur komið fram að vilji margra er að PLAY hafi hlutabréf sín áfram skráð á aðalmarkað. Í ljósi framangreinds hefur yfirtökuhópurinn tekið ákvörðun um að falla frá áformum um að gera valfrjálst yfirtökutilboð í hlutabréf félagsins, en mun áfram styðja við félagið í komandi vegferð, sem einhugur er um meðal hluthafa félagsins.“